

Nr. 21/1905:

Emil Strand
gegn
Páli Snorrasyni

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði stefndi Páll Snorrason gegn áfrýjandanum Emil Strand við aukarétt Ísafjarðarkaupstaðar til þess að fá hann dæmdan til að greiða sér 300 kr. með vöxtum, er E. Frisvold kaupmaður hafði selt honum sem skuld, er hann kvaðst eiga hjá áfrýjanda. Mál þetta var dæmt í héraði 11. febr. þ. á. á þá leið, að áfrýjandi Emil Strand var dæmdur til að greiða stefnda Páli Snorrasyni 300 kr. með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi, en málskostnaður var látinn falla niður.—Þessum dómi hefir Emil Srrand áfrýjað til landsyfírréttarins með stefnu 5. apríl þ. á., og krafist, að hinum áfrýjaða dómi verði hruundið og breytt þannig, að hann verði dæmdur sýkn af kröfum og kærnum stefnda í þessu máli og stefndi skyldaður til að greiða honum málskostnað bæði fyrir undir- og yfírrétti eftir mati yfírdómsins.—Hinsvegar hefir stefndi krafist, að undírréttardómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til málskostnaðargreiðslu fyrir yfírdómi eftir mati réttarins.—

Atvik málsins eru þau, að áfrýjandi fekk hjá kaupmanni E. Frisold 29. apríl f. á., er þeir urðu samferða frá Ísafjarðarkaupstað út í Bolungarvík, 300 kr. og gaf áfrýjandi Frisvold skriflega viðurkenningu fyrir móttöku þessa fjár og færði upphæðina sama dag inn í viðskiftareikning þeirra. Síðan seldi Frisvold stefnda þetta fé sem skuld, er áfrýjandi stæði í við hann, með sérstöku skjali dags. 19. júlí s. á.—

Viðurkenning áfrýjanda fyrir móttöku þessara 300 kr. hjá Frisvold var upprunalega framlögð í málinu, en áfrýjandi hélt því fram að skjalinu hefði verið breytt eða það falsað þannig, að í stað þess, að það upprunalega hefði hljóðað þannig: »Undertegnede erklærer at have modtaget af Hr. E. Frisvold Kr. tre hundrede, hvorfor kvitteres,« þá hafi það, er það var lagt fram í réttinum, verið orðað þannig: »Undertegnede erklærer at have modtaget af (eða: og) laant af Hr E. Frisvold Kr. tre hundrede, hvorfor kvitteres.« Þegar stefndi fekk málsskjölin léð hjá réttinum var honum afhent frumskjalið, en þegar hann skilaði aftur skjölunum, kvaðst hann ekki getað skilað því, með því að því hefði verið stolið frá sér. Réttarvottarnir, sem höfðu skoðað skjalið rækilega, lýstu því yfir, að þeim virtist að orðinu »laant« hefði verið bætt aftan við 1. línuna og orðinu »af« framan við 2. línuna. Eftirmynd af hinu týnda skjali hefir verið búin til og lögð fram í réttinum (sub nr. 10), og hafa málspartarnir lýst því yfir, að hið horfna skjal hafi litið hér um bil eins út og eftirmynd þessi. Þetta skjal, eins og það nú lítur út, er svo orðað, að framburður áfrýjanda um, að skjalinu hafi verið breytt, er mjög svo sennilegur—enda kemur yfirlýsing réttarvottanna heim við framburð hans—, og þegar orð þau, sem álíta verður að bætt hafi verið inn í, eru numin burtu, verður skjalið hrein og bein kvittun fyrir 300 kr., og þessar 300 kr. hefir áfrýjandi sama dag og hann veitti þeim móttöku fært inn í viðskiftareikning þeirra Frisvold. Að svo vöxnu máli gat Frisvold ekki selt stefnda þessa fjárupphæð, sem áfrýjandi hefir neitað að að skulda Frisvold, og ber því að sýkna áfrýjanda af

kærum og kröfum stefnda í þessu máli.—Samkvæmt þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, er skal ákveðinn 50 kr.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Emil Strand á að veia sýkn af kærum og kröfum stefnda Páls Snorrasonar í þessu máli. Svo greiði stefndi áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir yfirdómi með 50 krónum, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa að viðlagðri aðför að lögnm.

Nr. 26/1905:

Landlæknir J. Jónassen

gegn

formanni fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík Ólafi Runólfssyni og matsmönnum Helga Zoëga og Ólafi Davíðssyni

D ó m u r:

Í máli þessu er áfrýjað úrskurði, er kveðinn var upp á bæjarþingi Reykjavíkur 27. apríl þ. á. í matsmáli, þar sem hinir stefndu matsmenn kaupmaður Helgi Zoëga og bankabókari Olafur Davíðsson höfðu eftir beiðni bæjar-